

Freyr Sigurjónsson flautuleikari lauk einleikarprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík 1978. Hann fór til framhaldsnáms að Royal Northern College of Music í Manchester og naut þar meðal annars leiðsagnar Trevor Wye, Roger Rostron, P. Morris og William Bennet. Að loknu PPRNCM prófi árið 1982 var hann ráðinn fyrsti flautuleikari Sinfóníuhljómsveitarinnar í Bilbao á Spáni og kennari við tónlistarskólann þar. Hefur hann starfað þar síðan. Freyr hefur leikið einleik með hljómsveitum og kammersveitum víða um Evrópu. Hann frumflutti meðal annars flautukonsert Carl Nielsen á Spáni með hljómsveitinni í Bilbao. Freyr hefur þegið boð um að leika með m.a. Útvarpshljómsveitinni í Madrid (ORTVE) og Virtuosos of Moskow. Samhliða starfi sínu við Sinfóníuhljómsveitina í Bilbao hefur Freyr haldið fjölda meistaranámskeiða á Spáni, meðal annars í Santander, Burgos og með hljómsveit æskunnar í Andalúsíu í Sevilla.

Hlíf Sigurjónsdóttir fiðluleikari stundaði framhaldsnám við Háskólana í Indiana og Toronto og við Listaskólann í Banff og síðar sótti hún tíma hjá Gerald Beal í New York. Á námsárum sínum kynntist hún og vann með mörgum merkustu tónlistarmönnum síðustu aldar, þar á meðal William Primrose, Zoltan Szekely, Gyorgy Sebok, Rucciero Ricci og Igor Oistrach. Hún hefur haldið fjölda einleikstónleika og leikið með sinfóníuhljómsveitum, kammersveitum og minni hópum. Frá nýliðnum árum má nefna tónleika í Weill sal Carnegie Hall í New York og í Washington borg, í röðinni The Embassy Series. Nýútkominn geisladiskur hennar og Hjörleifs Valssonar; *44 Duos* eftir Béla Bartók hefur hlotið frábæra umsögn tónlistargagnrýnenda. Hún vinnur nú einnig að upptökum á öllum einleiksverkum J.S. Bach fyrir fiðlu. Hlíf kennir einkanemum í New York borg og í Reykjavík.

Iwona Andrzejczak-Skrzypczak víóluleikari fæddist í Poznan í Póllandi og stundaði nám hjá Stefan Kamasa við Tónlistarháskólann í Varsjá og hlaut þar verðlaun hinnar pólsku Víólukeppni. Hún var um árabíl fyrsti víóluleikari Filharmoníuhljómsveitar Póllands og einnig félagi í Grazyna Bacevicz strengjakvartettinum og ferðaðist með þeim víða um heim. Leikur hennar hefur verið hljóðritaður fyrir útvarp, sjónvarp og fjölda geisladiska. Jafnhliða einleikaraferli sínum sinnti hún mjög mikilvægu starfi sem kennari við Tónlistarháskólann í Varsjá. Frá árinu 1989 hefur hún verið leiðari víóludeildar Sinfóníuhljómsveitarinnar í Bilbao og leikið einleik með sveitinni.

Jerzy Andrzejczak sellóleikari fæddist í Kalisz í Póllandi og stundaði nám hjá Arnold Rezler í Tónlistarháskólanum í Varsjá og einnig hjá Tartray, Szafran, Flazman og Véctomov. Í hálfan annan áratug var hann félagi í Rezler strengjakvartettinum sem hlaut fyrstu verðlaun í pólsku strengjakvartettsamkeppninni og þriðju verðlaun í alþjóðlegu strengjakvartettsamkeppninni í Búdapest 1973. Þá var hann félagi í Kammerhljómsveit Filharmoníuhljómsveitar Póllands og Sinfóníuhljómsveit Ríkisútvarpsins í Varsjá og kom þar oft fram sem einleikari. Hann var fyrsti sellóleikari Óperuhljómsveitarinnar í Varsjá jafnframt því að vera prófessor við Tónlistarháskólann í Varsjá. Frá árinu 1989 hefur hann verið leiðari sellódeildar Sinfóníuhljómsveitar Bilbao.

Sumartónleikar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

*Freyr Sigurjónsson flauta
Hlíf Sigurjónsdóttir fiðla
Iwona Andrzejczak lágfiðla
Jerzy Andrzejczak selló*



Priðjudaginn 11. júlí 2006 kl. 20:30

Er Mozart dvaldi í Mannheim veturinn 1777–78 var hann kynntur fyrir ríkum hollenskum áhugaflautuleikara, DeJean að nafni sem pantaði hjá Mozart þrjá stutta og einfalda konserta og nokkra kvartetta. Mozart er sagður hafa tekið þessu fremur létt og samdi eingöngu tvo konserta og tvo kvartetta sem síðar fengu númerin K. 285 í D dúr og K. 285a í G dúr. Annar konsertanna var reyndar umritun á óbókonsert sem hann hafði samið í Salzburg nokkrum mánuðum fyrr. Þegar Hollendingurinn greiddi aðeins helming af uppsettu verði varð Mozart ósáttur eins og kemur fram í bréfum hans til föður síns.

G dúr kvartettin var fyrst gefinn út sem hluti af D dúr kvartettinum. Það var ekki fyrr en 1938 að hann var gefinn út sem sérstakt verk.

C dúr kvartettinn er talinn vera frá um það bil 1780, og ef til vill saminn fyrir Hollendinginn DeJean. Fjórum árum síðar notaði Mozart seinni þáttinn sem sjötta þátt B-dúr serenöðunnar K. 361/370a fyrir þrettán blásara.

Áður var talið að A dúr kvartettinn væri frá sama tíma og G og D dúr kvartettarnir, en nú er álitnið að hann hafi verið saminn síðar, í fyrsta lagi haustið 1786, en þá bjó Mozart í Vínarborg.

Wolfgang Amadeus Mozart

1756 – 1791

Flautukvartettar

- K. 285 í D dúr *Allegro*
Adagio
Rondeau
- K. 285a í G dúr *Andante*
Tempo di Menuetto
- K. 285b í C dúr *Allegro*
Andantino (Thema & Variazioni)
- K. 298 í A dúr *Andante (Thema & Variazioni)*
Menuetto
Rondeau Allegretto grazioso ma non troppo presto, però non troppo adagio. Così-così con molto garbo ed espressione.

Freyr Sigurjónsson flutist studied in Iceland where he received his concert diploma from the Reykjavík College of Music. He furthered his studies at the Royal Northern College of Music in Manchester. His teachers were Trevor Wye, Roger Rostron, P. Morris and William Bennet. Upon graduation with PPRNCM diploma in 1982 he became the solo flutist of the Bilbao Symphony Orchestra and a professor at the Conservatory of Music in Bilbao. He has appeared as a soloist with numerous orchestras and ensembles in Europe, among them the Radio Orchestra in Madrid, the Bilbao Symphony Orchestra and the Virtuosos of Moscow. Sigurjónsson is highly regarded as a teacher and has given numerous masterclasses in Spain, e.g. in Santander, Burgos and Andalusia.

Hlíf Sigurjónsdóttir furthered her violin studies at the Universities of Indiana and Toronto and Banff School of Fine Arts. Later she took private lessons with the renowned violinist and teacher Gerald Beal in New York. During her studies, she was fortunate enough to work with many of the leading musicians of the twentieth century, such as William Primrose, Zoltan Szekely, Gyorgy Sebok, Rucciero Ricci and Igor Oistrach. Sigurjónsdóttir has performed numerous concerts, as a soloist or with groups and symphony orchestras. Recent concert sites include New York - Weill Hall of Carnegie Hall, and Washington DC - as a part of The Embassy Series. Her recent CD with Béla Bartók's *44 Duos* (with violinist Valsson) has received excellent review, e.g. from the Classical Music Critic of the Washington Post. Currently she is recording all J.S. Bach's partitas and sonatas for CD. Sigurjónsdóttir gives private lessons in Iceland and New York.

Iwona Andrzejczak-Skrzypczak violist, was born in Poznan in Poland and studied with Stefan Kamasa at The Music Academy in Warsaw, where she was the winner of the National Viola Competition. She travelled extensively all over the world as a member and soloist with the National Philharmony Chamber Orchestra as well as recording for Radio and TV and numerous CDs. She was also a member of the Grazyna Bacevich String Quartet, named after the well known composer. In spite of her busy schedule as a performer she also taught at the Music Academy of Warsaw, until she moved to Bilbao and became the principal violist of the Bilbao Symphony Orchestra.

Jerzy Andrzejczak cellist was born in Kalisz in Poland. He studied with Arnold Rezler at the Music Academy in Warsaw, other teachers were Tartray, Szafran, Flaxman and Véctomov. He was a member of the prize winning Rezler String Quartet and has played with, and appeared as a soloist with numerous orchestras, such as: the National Philharmony Chamber Orchestra of Warsaw, the Radio Orchestra and the Polish Chamber Orchestra. Beside his active carrier Andrzejczak taught at The Music Academy in Warsaw till 1989, when he became the first solo cellist of the Bilbao Symphony Orchestra.